

Atvinnuveganefnd alþingis  
nefndasvid@althingi.is

Akureyri 07.11.2023

**Efni: umsögn Dýralæknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu...**

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) styður markmið tillögunnar, það er að efla innlenda matvælaframleiðslu og tryggja betra rekstrarumhverfi greinarinnar. Þrátt fyrir að félagið styðji markmið tillögunnar þá eru punktar innan aðgerðaráætlunarinnar (í 24 liðum) sem DÍ getur ekki stutt nema að fá betri útlitun á mögulegri framkvæmd. Þetta á til dæmis við lið 19 „Framtíð loðdýraræktar verði tryggð,....“ og lið 9 „eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði við eftirlitið létt af greininni“. DÍ leggur áherslu á að nánari greinargerðar sé þörf til að hægt sé að færa rök fyrir mögulegum aðgerðum í lið 19 og 9 svo DÍ geti lagt mat á og skilað umsögn þar að lútandi.

Að auki vill DÍ koma eftirfarandi á framfæri varðandi tillögunna:

Mikilvægur liður í því að efla innlenda matvælaframleiðslu er að tryggja dýralæknaþjónustu um land allt. Síðustu ár hefur þróunin verið sú að sífellt erfiðara er að fá dýralækna til starfa í dreifðari byggðum. Margir þættir spila þar inn í, svo sem breytt starfsumhverfi dýralækna á þessum svæðum þar sem þróun síðustu ára hefur verið sú að fækka dýralæknum/þjónustusamningum samfara stækkun umdæma og vaktsvæða. Þetta gerir það að verkum að starfsumhverfi dýralækna er ekki aðlaðandi og ekki fást dýralækna til starfa. Dýralækna gegna lykilhlutverki þegar kemur að vöktun dýrasjúkdóma, þjónustu við veik- og slösuð dýr, dýravelferð og síðast en ekki síst ábyrgri notkun dýralyfja nú þegar sýklalyfjaónæmi er orðin sú mikla vátta sem raun ber vitni. DÍ bendir einnig á mikilvægi aðkomu dýralækna þegar kemur að samspili á milli heilbrigðis manna og dýra, umhverfis og fæðu undir formerkjum „one health“. Dýralæknafélag Íslands vill ítreka mikilvægi þess að þjónusta dýralækna er órjúfanlegur hluti af innlendri matvælaframleiðslu og ætti að vera mikilvægur punktur í aðgerðaráætlun sem þessari.

Virðingafyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður